



31. maí 2021  
Tilv.: 2102168

Dreifibréf númer: 30/2021  
til lífeyrissjóða og Landssamtaka lífeyrissjóða

### **Efni: Viðmiðunarreglur EIOPA um útvistun til skýjaþjónustuaðila**

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um útvistun til skýjaþjónustuaðila (EIOPA-BoS-20-002).

Viðmiðunarreglurnar, sem eru 16 talsins, taka til skýjalausna líkt og kafli 3.1 í leiðbeinandi tilmælum vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitskyldra aðila nr. 1/2019. Fjármálaeftirlitið beinir því til lífeyrissjóða að kynna sér viðmiðunarreglurnar, sem aðgengilegar eru á heimasíðu Seðlabankans, og taka framvegis mið af þeim í starfsemi sinni við fylgni við leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019, í stað tilmæla Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar (EBA/REC/2017/03) um notkun skýjaþjónustu sem vísað er til í kafla 3.1 í tilmælum nr. 1/2019. Vakin er sérstök athygli á eftirfarandi atriðum í EIOPA viðmiðunarreglunum:

- Að þjónustu sem eftirlitsskyldur aðili útvistar til aðila sem ekki telst skýjaþjónustuaðili, en sem reiðir sig verulega á skýjaþjónustu í starfsemi sinni, ber að flokka sem skýjaþjónustu.
- Að eftirlitsskyldur aðili, sem útvistar mikilvægum aðgerðum, á að hafa fullan aðgang að allri vinnuaðstöðu skýjaþjónustuaðila sem máli skiptir, þ.m.t. viðeigandi tækjum, kerfum, neti, upplýsingum, gögnum, starfsfólki og ytri endurskoðendum. Þá skal eftirlitsskyldur aðili halda ótakmörkuðum réttindum til skoðunar og endurskoðunar á því sem tengist útvistunarfyrirkomulaginu.
- Ef útvistun er á kjarna- eða mikilvægri starfsemi/aðgerðum til skýjaþjónustuaðila, á eftirlitsskyldur aðili að auki að skilgreina sérstakar kröfur um upplýsingaöryggi í útvistunarsamningi og fylgjast reglulega með því að þessar kröfur séu ávallt uppfylltar, sbr. m.a. grein 37 í viðmiðunarreglunum.

Viðmiðunarreglur (EIOPA-BoS-20-002) eru aðgengilegar hér:

<https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/ees-vidmidunarreglur/eiopa/nr/3803>

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sbr. lög nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og

almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins og tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Með vísan til framangreinds mælist fjármálaeftirlitið til þess að lífeyrissjóðir kynni sér framangreindar viðmiðunarreglur EIOPA og taki framvegis mið af þeim í starfsemi sinni í stað fyrrnefndra tilmæla EBA um notkun skýjaþjónustu sem vísað er til í leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019. Viðmiðunarreglurnar tóku gildi 1. janúar 2021 á Evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt þeim er aðlögunartími fyrir þá aðila sem nú þegar hafa gert samninga um útvistun til skýjaþjónustuaðila veittur til 31. desember 2022. Fjármálaeftirlitið mun samhliða styðjast við viðmiðunarreglur EIOPA við mat á því hvort lífeyrissjóðir uppfylli kröfur samkvæmt leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019. Þá er unnið að endurskoðun á leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019, m.a. í þeim tilgangi að uppfæra þau til samræmis við framangreint.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS



Rúnar Guðmundsson  
framkvæmdastjóri  
lífeyris og váttrygginga



Sigurveig Guðmundsdóttir  
sérfr. í áhættugreiningu  
lífeyris og váttrygginga